



Umsögn um frumvarp til laga um sviðslistir

Pingskjal 1261 - 800. mál

Sendandi: Bandalag sjálfstæðra leikhúsa - SL, Reykjavík 8. maí 2019

Almennt um lagafrumvarpið

Það er margt gott í löngu tímabæru frumvarpi að nýjum sviðslistalögum. Því ber t.a.m. að fagna að tekið skuli fram í texta frumvarpsins að jafnrétti kynjanna skuli ávallt haft að leiðarljósi í sviðslistum. Einnig er fagnaðarefni að ný sviðslistalög nái yfir starfsemi Íslenska dansflokksins og staða hans þannig betur tryggð til framtíðar.

Þjóðleikhússtjóri og listdansstjóri

Regluleg endurnýjun í listrænni stefnu er menningarstofnunum nauðsynleg. Að teknu tilliti til smæðar íslensks samfélags og með fjölbreytni að leiðarljósi má ljóst vera að ekki er heppilegt fyrir listgreinina að einn og sama einstaklingurinn að fari með stjórn slíkrar stofnunar nema í takmarkaðan tíma. Þess vegna er æskilegt að forstöðumenn menningarstofnana sitji ekki lengur en tvö tímabil. 4. gr. þarf að kveða skýrt á þar um líkt og gert er í 11. gr. um listdansstjóra. Þetta er í takt við yfirlýst markmið með lagasetningunni skv. greinargerð þar sem fram kemur að leitast sé við að lög um sviðslistir verði skýr og samræmd á milli listgreina. Þar að auki segir í greinargerð um 4 gr. að með frumvarpinu sé lagt til að haldið verði í þá reglu að eingöngu sé heimilt að endurnýja skipun þjóðleikhússtjóra einu sinni. Þá er sérkennilegt að frumvarpið kveði á um að auglýsa beri embættið við lok fyrra ráðningartímabils standi til að nýta heimild um að endurnýja skipun einu sinni, að fengnum meðmælum þjóðleikhúsráðs.

Þjóðleikhúsráð og listdansráð

Skýrar áherslur um skipan fagfólks í þjóðleikhúsráð og listdansráð eru mjög til bóta og gott að sjá undirstrikað mikilvægi þess að fagfólk í sviðslistum sitji í þessum ráðum til að tryggja að starfið sé á faglegum forsendum, en óljóst er þó hvaða hag starfsemi Þjóðleikhúss og Íslenska dansflokksins mun hafa af þessari breytingu þar sem dregið er úr vægi ráðanna hvað varðar stefnumótun og áætlanagerð og þar með þeim stuðningi sem þeim er ætlað að gefa stjórnendum.

Samstarf stofnana og annara sem sinna sviðslistum

Það er athyglisvert að ætla að binda í lög samstarf stofnana í sviðslistum. Í II. kafla um Þjóðleikhús (6. gr.) og III. kafla um Íslenska dansflokkinn (13. gr.) er kveðið á um að þessar tvær stofnanir skuli kosta kapps um samstarf við stofnanir, félög og aðra sem sinna sviðslistum með það að markmiði að auka fjölbreytni og skapa listrænan ávinning. Hér er í engu vikið að skuldbindingum eða ábyrgð stofnananna þegar til slíks samstarfs er stofnað, eins og að kjarasamningar sem stofnanirnar eru aðilar að séu virtir. Verði þetta leitt í lög þarf að útfæra vandlega hvernig slíku samstarfi skuli háttað, svo tryggt sé að ávinningurinn sem vikið er að sé gagnkvæmur og sjálfstæðir hópar og listamenn sem taka þátt í slíku samstarfi verði ekki hlunnfarnir.

Sviðslistasjóður og sviðslistaráð

Í 17. gr. er fjallað um sviðslistasjóð og ýmsar breytingar gerðar frá núverandi starfsemi leiklistarráðs. Framtíðarsýnin hlýtur vitanlega að vera sú að hér verði starfræktur öflugur sviðslistasjóður, svipaður að stærð, umfangi og verksviði og kvikmyndasjóður. Slíkt skref er þó ekki stigið í þessu frumvarpi. Þrátt fyrir góðan vilja er ýmislegt í þessari grein sem nauðsynlegt er að endurskoða. Samkvæmt greininni getur ýmis óskilgreind sviðslistastarfsemi fallið undir starfssvið sjóðsins. Það er augljóst af smæð núverandi sjóðs að ekki verður aukið við verksvið hans nema með umtalsverðri innspýtingu fjármuna, en engin slík áform er að sjá í frumvarpinu. Nú þegar er sár vöntun á fjármunum til þess að hægt sé að reka sjóðinn af því afli sem þyrfti og alls ekki svigrúm til að fjölga styrkþegum, nema síður sé. Styrkir til sérstakra verkefna, hátíða eða annarra fjárútláta sjóðsins en uppsetningar- og þróunarstykja til sviðslistafólks verða á kostnað gæða verkefnanna og munu því veikja það umhverfi sem sviðslistirnar búa við í dag, sem getur varla verið vilji löggjafans.

Til upplýsingar er rétt að vekja athygli á að síðustu árin hefur það verið venjan að sömu einstaklingum sé falin úthlutun úr launasjóði sviðslistahópa og leiklistarráði. Þetta er gert að beiðni sviðlistamanna til að tryggja samræmi úthlutana listamannalauna og uppsetningarstykja. Það er í valdi ráðherra hverju sinni hvort þetta fyrirkomulag heldur áfram og þess vegna óskum við eftir því að á meðan sjóðirnir eru tveir verði settar leiðbeiningar um þetta í nefndarálit þingnefndar á eftirfarandi máta:

Meðan sviðslistafólki er gert að sækja um stuðning við verkefni sín til tveggja sjóða, þ.e. sviðslistasjóðs og launasjóðs sviðslistahópa, skal miða við að sviðslistaráð úthluti úr báðum sjóðunum, með það að markmiði að tryggja samræmi í úthlutun.

Skipun sviðslistaráðs

Í gildandi leiklistarlögum frá 1998 er kveðið á um að Bandalag sjálfstæðra leikhúsa (SL) tilnefni einn fulltrúa af þremur í leiklistarráð og Leiklistarsamband Íslands (nú Sviðslistasamband Íslands) einn. Í þessu frumvarpi er Sviðslistasambandinu hins vegar falið að tilnefna tvo en SL engan. Með þessu er verið að rjúfa beina aðkomu SL að skipan í ráðið. Við teljum mikilvægt að SL hafi sína rödd innan nýs sviðslistarráðs enda býr mesta þekkingin á eðli, umfangi og þróun sjálfstæðrar sviðslistastarfsemi hjá SL.

Sviðslistasamband Íslands fái ráðgjafarhlutverkið

Einsýnt er að sviðslistaráð getur ekki verið hvort tveggja í senn ráðgefandi til ráðherra um málefni sviðslista ásamt því að deila út fé eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Þau sem sjá um útteilingu styrkja þurfa að uppfylla ríkar kröfur um hæfi, sem útilokar ansi marga frá aðkomu að úthlutunum, sem annars gætu verið eftirsóknarverðir ráðgjafar um stefnu í málaflokknum. Því er nauðsynlegt að aðskilja þessi tvö mikilvægu verkefni, ráðgjöf og úthlutun til verkefna. Best er að ráðgjöf til ráðherra um málefni sviðslista komi beint frá Sviðslistasambandi Íslands sem er breiðfylking fagfólks og stofnana í sviðslistum, en að úthlutun úr sviðslistasjóði verði falin sviðslistaráði, skipað sjálfstæðum sérfræðingum sem uppfylla hæfisreglur til slíkra verka.

Atvinnustarfsemi og áhugastarfsemi

17. gr. gerir ráð fyrir að setja í einn sjóð fjárveitingar til atvinnufólks og áhugafólks í sviðslistum. Nú þegar hefur Bandalag íslenskra leikfélaga lagst gegn þessari tilhögun og það gerir Bandalag sjálfstæðra leikhúsa einnig. Gjörólíkar forsendur eru fyrir starfi atvinnufólks og áhugafólks í sviðslistum og því óráð að fela einum aðila mat umsókna og úthlutun til verkefna jafn ólíkra geira. Þegar atvinnufólk á í hlut er litið til ýmissa faglegra þátta verkefnisins og framþróunar einstakra greina innan sviðslista, en við úthlutanir til áhugahópa eru eðlilega önnur sjónarmið uppi t.d. byggðasjónarmið, félagsleg sjónarmið, þátttaka ólíkra aldurshópa og samstarf við stofnanir bæjar- eða sveitarfélags. Þess vegna

er mælt með því að Bandalag íslenskra leikfélaga fái áfram að annast úthlutun til verkefna áhugafólks, eins og verið hefur fram að þessu og sviðslistaráð sjái um úthlutun úr sviðslistasjóði til verkefna atvinnuhópa.

Kynningarmiðstöð sviðslista

Með frumvarpinu er mælt fyrir um heimild ráðherra til að fela þar til bærum aðila að annast hlutverk kynningarmiðstöðvar sviðslista, en slíka miðstöð sárvantar. Það hefur valdið því að sviðslistafólk hefur alltof lengi farið á mis við alþjóðleg tækifæri í sviðslistum vegna skorts á stuðningi við kynningarstarf og útrás sviðslista. Ákvæði 18. gr. er hins vegar óásættanlegt í ljósi þess að engar skuldbindiningar fylgja því eða fjármagn til hinna brýnu verkefna. Stjórnvöld þurfa að tryggja sviðslistunum sömu skilyrði og aðrar listgreinar búa við hvað varðar kynningar og til þess þarf ákvæðið að vera afdráttarlaust og lýsa með efnislegum hætti inntaki þess starfs sem slíkri miðstöð væri ætlað að sinna. Vísað er í samþykktir SSÍ þar að lútandi sem innihalda allar nauðsynlegar upplýsingar, en skjalið *Kynningarmiðstöð íslenskra sviðslista (KÍS), tillaga að markmiðum og hlutverki*, frá því í maí 2016 verður lagt fram af SSÍ með álitum þeirra um frumvarpið.

Að lokum er ánægjuefni að í frumvarpinu sé tiltekinn vilji til að skjóta styrkari stoðum undir óperustarfsemi á Íslandi.

Breytingartillögur

II. kafli

Tillaga að breytingu á 4. grein til samræmis við 11. grein þar sem kveðið er á um ráðningartíma listræns stjórnanda. Viðbót í texta er **feitiletruð**. 4. grein verði svohljóðandi:

4. grein.

Þjóðleikhússtjóri

Ráðherra skipar þjóðleikhússtjóra til fimm ára í senn að fenginni umsögn þjóðleikhússráðs. Þjóðleikhússtjóri skal hafa háskólamenntun í listum eða sambærilega menntun og staðgóða reynslu og þekkingu í sviðslistum og starfssviði leikhúss. **Endurnýja má skipun þjóðleikhússtjóra einu sinni til næstu fimm ára.** Auglýsa skal embættið laust til umsóknar í lok hvers skipunartímabils.

Þjóðleikhússtjóri stýrir starfsemi og rekstri Þjóðleikhússins og markar listræna stefnu þess. Hann ræður starfsmenn leikhússins og er í fyrirsvari fyrir það.

IV. kafli

Tillaga að breytingu á 15. gr um sviðslistasjóð. Úrfelling á texta er **yfirstrikuð**.

Viðbót í texta er **feitiletruð**. 15. gr. verði svohljóðandi:

15. gr.

Sviðslistaráð.

Ráðherra skipar þriggja manna sviðslistaráð til þriggja ára í senn. Sviðslistasamband Íslands tilnefnir ~~tvö fulltrúa~~ í ráðið **einn fulltrúa og Bandalag sjálfstæðra leikhúsa einn** en ráðherra skipar einn fulltrúa án tilnefningar og skal hann vera formaður. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Óheimilt er að skipa sama aðalmann í sviðslistaráð lengur en tvö samfelld starfstímabil.

Tillaga að breytingu á 16. gr um sviðslistasjóð. Úrfelling á texta er ~~yfirstrikuð~~.

Viðbót í texta er **feitiletruð**. 16. gr. verði svohljóðandi:

16. gr.

Hlutverk.

Hlutverk sitt rækir sviðslistaráð meðal annars með því að:

- a. ~~veita umsögn um þau mál sem ráðherra vísar til þess,~~
- b. ~~gera tillögu til ráðherra um stefnu og helstu áherslur í starfi sviðslistasjóðs til þriggja ára í senn,~~
- a. e. gera tillögu til ráðherra um úthlutunarreglur sviðslistasjóðs, og
- b. d. úthluta árlega styrkjum úr sviðslistasjóði.

Tillaga að breytingu á 17. gr. um sviðslistasjóð. Úrfelling á texta er ~~yfirstrikuð~~.

Viðbót í texta er **feitiletruð**. 17. gr. verði svohljóðandi:

17. grein.

Sviðslistasjóður

Hlutverk sviðslistasjóðs er að **efla starfsemi atvinnuhópa og einstaklinga í íslenskum sviðslistum**. Íslenskar sviðslistir og kostnaðinnur verkefni sem falla undir hlutverk og starfsemi á sviði sviðslista. Sjóðurinn skiptist í tvær deildir, deild atvinnuhópa og deild áhugahópa í sviðslistum. Sviðslistaráð gerir tillögur til ráðherra um stefnu og helstu áherslur í starfi sjóðsins til þriggja ára. Ráðherra setur sviðslistasjóði reglur um auglýsingar meðferð umsókna og afgreiðslu þeirra. Við mat á umsóknum úr sviðslistasjóði er sviðslistaráði heimilt að leita umsagnar fagaðila. Þóknun fulltrúa í sviðslistaráði og annar kostnaður af starfsemi ráðsins greiðist úr sviðslistasjóði. Ákvarðanir sviðslistaráðs eru endanlegar á stjórnsýslustigi og sæta ekki kærur til ráðherra.

Tillaga að breytingu á 18. grein um Kynningarmiðstöð sviðslista. Úrfelling á texta er ~~yfirstrikuð~~. Viðbót í texta er **feitiletruð**. 18. grein verði svohljóðandi:

18. grein.

Kynningarmiðstöð sviðslista

Ráðherra hefur heimild til fela þar til bærum aðila að kynna íslenskar sviðslistir hér á landi og erlendis **skal starfrækja hér á landi Kynningarmiðstöð íslenskra sviðslista í samræmi við samþykktir Sviðslistasambands Íslands þar um, til að kynna íslenskar sviðslistir hérlandis** og erlendis og efla alþjóðlegt samstarf íslenskra sviðslistamanna og stofnana.

Ekki eru gerðar tillögur um frekari breytingar við frumvarp til laga um sviðslistir.

Virðingarfyllst
f.h. Bandalags sjálfstæðra leikhúsa - SL
Orri Huginn Ágústsson
formaður